

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 1999/24/EB

frá 9. apríl 1999

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 93/32/EBE um handföng fyrir farþega á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur hjólum(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/61/EBE frá 30. júní 1992 varðandi gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja, sem eru á tveimur eða þremur hjólum ⁽¹⁾, eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 16. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/32/EBE frá 14. júní 1993 um handföng fyrir farþega á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur hjólum ⁽²⁾, einkum 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 93/32/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um gerðarviðurkenningaraðferð bandalagsins sem var tekin upp með tilskipun 92/61/EBE. Af því leiðir að ákvæði tilskipunar 92/61/EBE, sem varða kerfi, íhluti og tæknieiningar, eiga við um þá tilskipun.
- 2) Framþróun í tækni gerir nú kleift að aðlaga tilskipun 93/32/EBE að tækniframförum. Til að tryggja að gerðarviðurkenningarkerfið í heild starfi eins og til er ætlast er af þeim sökum nauðsynlegt að skýra nánar eða ganga frá tilteknum ákvæðum viðkomandi tilskipunar.
- 3) Í þessu skyni er nauðsynlegt að aðlaga ákvæðin um festingar óla og tilvísanirnar í B-hluta upplýsinga-skjalsins.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum, sem komið var á fót með 13. gr. tilskipunar ráðsins 70/156/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/91/EB ⁽⁴⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við tilskipun 93/32/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá og með 1. janúar 2000 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða handföng fyrir farþega:

— að synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis sem er á tveimur hjólum eða fyrir gerð handfanga fyrir farþega,

— að banna að vélknúin ökutæki, sem eru á tveimur hjólum, verði skráð, seld eða tekin í notkun eða að handföng fyrir farþega verði seld eða tekin í notkun,

ef handföngin fyrir farþega eru í samræmi við kröfur tilskipunar ráðsins 93/32/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. júlí 2000 skulu aðildarríkin synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir allar gerðir ökutækja, sem eru á tveimur eða þremur hjólum, af ástæðum er varða handföng fyrir farþega og fyrir allar gerðir handfanga fyrir farþega, ef kröfur tilskipunar 93/32/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, eru ekki uppfylltar.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta, eigi síðar en 31. desember 1999, nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2000.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 104, 21.4.1999, bls. 16, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2000 frá 4. febrúar 2000 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 225, 10.8.1992, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 188, 29.7.1993, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 11, 16.1.1999, bls. 25

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkja.

Gjört í Brussel 9. apríl 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

1. Í stað liðar 1.1 komi eftirfarandi:

„1.1. Ól

Ólin skal fest við sætið eða aðra hluta, sem eru tengdir við grindina, þannig að farþegi geti auðveldlega notað hana. Ólin og festingar hennar skulu hannaðar á þann hátt að þær þoli 2000 N lóðréttan togkraft, sem beitt er í kyrrstöðu á miðja ólina með hámarksþrýstingnum 2 MPa, án þess að breyta.“

2. Í stað B-hluta upplýsingaskjalsins í 1. viðbæti komi eftirfarandi:

„— B-hluti: — liðir 1.4 til og með 1.4.2.“
